

28. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

1. gr. nefndra laga nr. 55, 7. maí 1928 orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. janúar til 15. júlí ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, sem til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

Ráðherra setur reglugerð um möskvastærð og gerð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði um lágmarksstærð þess fiskjar, sem leyfilegt er að hagnýta úr afla dragnóta.

2. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að 2 mánuðum ár hvert innan landhelgi með fram einstökum lögsagnarumdæmum á öðrum tíma en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt er hér um ræðir gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherrann hefir tjáð Oss, að hann telji nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 55, 7. maí

1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, sem miði að rýmkuð veiðileyfis með dragnótum frá því sem nú er.

Telur ráðherrann þetta óhjákvæmilega þjargráðaráðstöfun í viðskiptaóáran þeirri, sem nú á sér stað, til að létta undir með bátaúrtvegi landsmanna, þar sem líkur séu til að veiða megi af bátum í dragnætur innan landhelgi kola og annan verðmætan og auðseljanlegan fisk, sem eigi náist öðruvísi svo teljandi sé.

Fyrir því teljum Vér brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

1. gr. nefndra laga nr. 55, 7. maí 1928 orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. janúar til 15. júlí ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, sem til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

Ráðherra setur reglugerð um möskvastærð og gerð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði um lágmarksstærð þess fiskjar, sem leyfilegt er að hagnýta úr afla dragnóta.

2. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að 2 mánuðum ár hvert innan landhelgi með fram einstökum lögsagnarumdæmum á öðrum tíma en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt er hér um ræðir gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 6. júlí 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.